

# VERKEFNI fyrir þig

Skráðu niðurstöður þínar rafrænt eða í stílabók.

## Fjölmiðlar

### Mest lesnu fréttirnar

Fjölmiðlar á netinu eru margir. Veldu einn sem þú hefur áhuga á að kynna þér.

- Hvaða fréttir eru mest lesnar?
- Veldu 3 fréttir af Mestu lesnu fréttirnar.  
Hvaða frétt finnst þér áhugaverðust af þeim?
- Hvers vegna var hún áhugaverðust? Segðu frá í 3–5 setningum.
- Æfðu þig að lesa fréttina upphátt.
  - o Hvers eðlis er fréttin? Er hún sorgleg eða gleðileg?  
Reyndu að ná tilfinningunni út úr orðunum.
  - o Hugaðu að raddstyrk, lestrarhraða og skýrleika.
- Ef það er mynd sem fylgir fréttinni. Finnst þér hún eiga vel við efni fréttarinnar? Hvernig mynd finnst þér eiga vel við?
- Ræddu við einhvern um fréttina sem þér fannst áhugaverðust!

mms.is | Sjá meira um framsögn t.d. í [Orðspor 3](#)

### Fasteignasíður

Farðu inn á fasteignasíðu á netinu eða í dagblaði.  
Veldu þrjár fasteignir til að lesa um og skoða myndir af.  
Hafðu í huga við lesturinn hvort lýsingu og myndum beri saman.

Skrifaðu svipaða lýsingu á húsnæðinu sem þú býrð í.  
Veltu fyrir þér frá hvaða sjónarhorni þú myndir taka myndir til að láta fylgja lýsingunni.

# VERKEFNI fyrir þig

Skráðu niðurstöður þínar rafrænt eða í stílabók.

## Fjölmiðlar

### Fjölmiðlalæsi

Að vera læs á fjölmiðla er að lesa eða meðtaka upplýsingar, fréttir og annað efni sem berst frá fjölmiðlum með gagnrýnum huga.

Farðu inn á **RÚV núll** þangað sem stendur **SKOÐA**.

Finndu hnappinn til að sjá meira.

Veldu 3 greinar til að lesa og horfðu á myndböndin sem fylgja greinunum.

Hafðu eftirfarandi í huga á meðan að þú kynnir þér greinarnar:

- Hver skrifar skilaboðin til þín? Veit sá, allt um málið?
- Hvaða aðferðir eru notaðar til að ná athygli þinni?
- Hvaða skoðanir og viðhorf hefur sá sem skrifaði skilaboðin?
- Af hverju voru skilaboðin birt? Ekki trúa öllu sem sagt er, öll mál eiga sér fleiri en eina hlið.

Skrifaðu niður hugleiðingar þínar (10 til 15 línur) og ræddu við einhvern um það sem þú komst að.

mms.is | sjá meira um fjölmiðla í [Gjallarhornið](#) – Þemahefti um fjölmiðla

